

Jónas Sig. 14.01.20.

Breytingartillögur með gulu.

STEFNA MOSFELLSBÆJAR Í MÁLEFNUM ELDRÍ BORGARA TIL 2023

Í stefnu Mosfellsbæjar í málefnum eldri borgara eru fjögur meginmarkmið. Þau eru heilbriggt líf, eflandi umhverfi, virk þátttaka og örugg búseta. Undir hverju markmiði eru nokkrar aðgerðir og eru þær settar fram í forgangsröð.

Við framkvæmd stefnunnar er mikilvægt að á hverjum tíma verði unnið jafnt og þétt að framkvæmd þeirra aðgerða sem styðja við þau markmið sem stefnan hverfist um. Framkvæmd stefnunnar er á ábyrgð fjölskyldusviðs og fjölskyldunefnd ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd hennar og kemur með ábendingar á því sviði. Loks ber fjölskyldunefnd ábyrgð á því að endurmeta aðgerðir ef þörf krefur. Öldungaráð fær stefnu í málefnum eldri borgara til umsagnar og er til ráðgjafar við mótun hennar.

Með stefnunni er leitast við að skapa umgjörð í málaflokknum sem er til þess fallin að styðja við málefnasvið eldri borgara og mæta þannig þörfum og tryggja velferð eldri borgara í Mosfellsbæ. Allt eru þetta viðfangsefni og eiginleikar sem þarf að vakta og viðhalda í góðri samvinnu við íbúa á hverjum tíma undir forystu fjölskyldunefndar, starfsmanna fjölskyldusviðs og Öldungaráðs.

2 Eflandi umhverfi.

Markmið.

Í allri stefnumótun Mosfellsbæjar er tekin mið af þörfum eldri borgara, virðing borin fyrir þekkingu, reynslu, skoðunum og sjálfsákvörðunarrétti þeirra og þannig stuðlað að heildrænni þjónustu. Eldra fólk hafi greiðan aðgang að byggingum og samgöngum í Mosfellsbæ þannig að umhverfið takmarki ekki möguleika þeirra sem eru með færniskerðingu.

4 Örugg búseta

Markmið

Eldra fólk er gert kleift að búa við öryggi og sem lengst í heimahúsi með því að veita viðeigandi stuðning og einstaklingamiðaða þjónustu með áherslu á forvarnir, endurhæfingu og að nýta velferðartækni til að leggja grunn að virkni eldri borgara og lífsgæðum. Eldri borgarar ráða sér sjálfir og öll aðstoð skal taka mið af því að fólk fái tækifæri til að viðhalda færni sinni og lifa því lífi sem það kys.

- Leggja skal áherslu á fræðslu starfsfólks sem sinnir þjónustu við eldri borgara og þar á meðal í samskiptum við heilabílaða.